

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tjarnarsjóðinn,  
styrktarsjóð Menntaskólans við Sund.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Tjarnarsjóðurinn, styrktarsjóður Menntaskólans við Sund.  
Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru: Gautur Þorsteinsson, kt. 240358-3959, Már Kristjánsson, kt. 050758-5679, Þórunn B. Jónsdóttir, kt. 120457-4039, Birna Hilmarsdóttir, kt. 180255-2499, Sigurður E. Ragnarsson, kt. 050457-4009, Margrét Sigurðardóttir, kt. 180357-5219, Ottó Guðjónsson, kt. 180657-6069 og Haukur Lárus Hauksson, kt. 280657-2639. Stofnendur leggja til stofnfé sjóðsins og stjórn hans ákvarðar um úthlutun.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 732.000, -sjöhundruðþrjátíuogtvöpusund 00/100-. Höfuðstóllinn skal hækka um fjárhæðir, sem síðar kunna að berast sjóðnum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. að stuðla að rannsóknum á sviði hugvísinda og raunvísinda, þ.m.t. í því skyni að efla tengsl milli atvinnulífs og æðri menntunar;
2. að hlúa að menningarstarfi og listiðkun innan skólans.

Þetta skal m.a. framkvæmt með styrkveitingum, þ.m.t. námsstyrkjum, útgáfustarfsemi o.s.frv.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda sem valinn er af stjórn félagsins. Fyrsta reikningstímabil reiknast frá stofnun sjóðsins til ársloka.

6. gr.

Stofnfé sjóðsins er lagt fram sem bankainnstæða. Sjóðurinn skal ávaxtaður með bestu kjörum, sem hægt er að ná á hverjum tíma að mati stjórnar sjóðsins. Raunvaxtatekjum sjóðsins má verja samkvæmt 3. grein. Stjórnin ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins.

7. gr.

Stykjum úr sjóðnum skal úthlutað samkvæmt ákvörðun stjórnar hans.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum. Þeir skulu jafnframt tilnefna varamann fyrir sig. Stjórnin skiptir með sér verkum, m.a. um kjör formanns. Stjórnin skal endurnýjuð með kosningu á tveggja ára fresti. Við val fundarmanna skal meirihluti ráða.

Stjórnin skal halda fundargerðabók þar sem bóka skal allar ákvarðanir stjórnarinnar varðandi sjóðinn.

Formaður sjóðsstjórnar skal árlega sinna lögboðinni tilkynningarskyldu í samræmi við fyrirmæli laga þ.a.l., nú laga nr. 19/1988.

9. gr.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

10. gr.

Aðalfundur skal haldinn einu sinni á ári. Fundurinn skal haldinn um sama leyti og útskrift fer fram hjá MS. Á aðalfundi skal lagður fram endurskoðaður ársreikningur liðins árs. Rétt til setu á aðalfundi hafa stjórnarmenn skv. 7. gr. Að öðru leyti hittist stjórnin eftir þörfum. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta á aðalfundi styrktarsjóðsins en þá þarf aukinn meirihluta til.

12. gr.

Ef sjóðurinn fellur niður þá þarf 2/3 stjórnarmanna til að samþykkja niðurfellingu. Ef niðurfelling kemur til skal fjármunum úthlutað í svipuð verkefni, sbr. 4. gr.

13. gr.

Leita skal samþykkis sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari, svo og á breytingum sem kunna að verða gerðar á henni, sbr. 11. gr.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með skv. lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 11. ágúst 2008.*

**Ríkarður Mátsson.**

*Birkir M. Magnússon.*